

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

### *Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 26. október 2022 breytt deiliskipulag lóðarinnar Íshella 2. Tillaga að breytingunni var auglýst 18. ágúst 2022 með athugasemdafresti til 29. september 2022. Engin athugasemd barst. Ábending barst frá Veitum.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

### *Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 26. október 2022 breytt deiliskipulag lóðarinnar Álhella 5. Tillaga að breytingunni var auglýst 18. ágúst 2022 með athugasemdafresti til 29. september 2022. Engin athugasemd barst. Ábending barst frá Veitum.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

### *Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga.*

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa samþykkti 24. nóvember 2022 tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Hringhella 4.

Breytingin var grenndarkynnt frá 17. október til 7. nóvember 2022. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 25. nóvember 2022.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**